

18. Stjórnarfundur Bergrisans

24. júní 2020

Fundur hófst klukkan 14:00 á Icelandair Hótel Flúðum

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður og Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans. Gestir fundarins voru Haraldur L. Haraldsson og Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf, Guðni Geir Einarsson sérfræðingur Jöfnunarsjóðs og Sigtryggur Magnason aðstoðarmaður samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Samningur við Skaftholt

Fundur hefur verið haldinn með forsvarsmönnum Skaftholts þar sem Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf kynnti niðurstöður úttektar á rekstri heimilisins. Á fundinum voru, ásamt stjórn Bergrisans, Guðni Geir Einarsson sérfræðingur Jöfnunarsjóðs og Sigtryggur Magnason aðstoðarmaður samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Rætt var um mögulegar útfærslur á samningi við Skaftholt. Stjórn Bergrisans bs. felur verkefnisstjóra að boða stjórn og fulltrúa jöfnunarsjóðs til fundar í ágúst til að vinna málið áfram.

2. Heimild vegna beingreiðslusamnings

Forstöðumaður skóla- og velferðarþjónustu Árnespings óskar eftir heimild stjórnar Bergrisans til að gera þjónustunotanda tilboð um beingreiðslusamning þar til niðurstaða liggur fyrir um NPA samning. Stjórn Bergrisans bs. samþykkir erindið.

3. VISS á Flúðum

Forstöðuproskajálfí VISS, vinnu og hæfingarstöðvar og deildarstjóri VISS á Flúðum óska eftir að stöðugildi vegna starfseminnar á Flúðum verði aukið um allt að 0,5 vegna fjölgunar notenda. Stjórn Bergrisans bs. samþykkir erindið með fyrirvara um að starfsleyfi fáiist vegna starfseminnar. Skóla- og velferðarþjónusta Árnespings verði falið að hafa yfirumsjón með skipulagi VISS á Flúðum í samstarfi við forsvarsmenn starfseminnar.

Fundi slitið kl. 15:50